

## Skógræktaráform í Fremri-Hvestu, Arnarfirði

### Vesturbyggð

#### Ákvörðun um matsskyldu

## 1 INNGANGUR

Þann 20. desember 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Kristjáni Jónssyni f.h. Jóns Bjarnasonar um áform um skógrækt í landi Fremri-Hvestu, Arnarfirði, Vesturbyggð, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.06 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vesturbyggðar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktarinnar og Umhverfisstofnunar.

## 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Skógræktaráform í Fremri-Hvestu, Arnarfirði, Vesturbyggð. Fyrirspurn um matsskyldu, Kristján Jónsson og Jón Bjarnason, desember 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 17. febrúar 2020.
- Skógræktinni með tölvupósti dags. 6. febrúar 2020.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 17. febrúar 2020.
- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 20. febrúar 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 12. mars 2020.

## 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í skógrækt á 51,6 ha svæði. Lagt verður upp með að ræktunin falli sem best að landslagi. Jaðrar verða óreglulegir, misþéttir og misháir með eyðum og mismunandi trjátegundum. Innan svæðisins verða um 10 ha sem ekki verður plantað í, það eru votlendi, verndarsvæði fornminja, skurðir og vegslóðar.

### Fyrirhugað skógræktarsvæði

Jörðin Fremri-Hvesta er tæpir 2000 ha og er að stórum hluta fjalllendi. Svæðið hefur verið notað sem beitarsvæði fyrir sauðfé. Ofan túna NV megin skiptast á grónar skriður, graslendi og votlendi en er innar dregur taka við rýr holt. Á svæðinu eru sjáanlegar tvær rústir, annarsvegar hlaðin rétt og svo gömul útihús.

### Gróðursetning

Gert er ráð fyrir að gróðursetja um 90.000 plöntur í 41 ha og framkvæmdatími áætlaður 10 ár. Tegundasamsetning verður nokkuð fjölbreytt. Gert er ráð fyrir að jaðrar verði gisnir og lögð áhersla á birkilundi og eyður til að milda ásýnd skógarins. Í rýrasta landið, mela og mosa verður aðallega gróðursett lerki og stafafura. Í frjósömustu svæðin verður gróðursett ösp og greni. Meðfram ánni er áætlað að gróðursetja árbakkaskóg þ.e. gisn laufskóg/lundi með blöndu af trjám og runnum,



birki og víði. Jarðvinnslan verður s.k. vélflekkung þar sem gerð eru sár í svörðinn. Gert er ráð fyrir að vélflekkja svæði sem véltæk eru, það verða væntanlega áður framræst stykki og moslendi. Engin jarðvinnsla fer fram meðfram ánni.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

### Landnotkun, ásjón og landslag

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fyrirhuguð skógrækt er á láglandi frá um 2 m.y.s og teygir sig hæst í um 60 m.y.s. upp í fjallsrætur. Lögð verður áhersla á að láta skóginn falla vel að landslagi og verður það gert með því að láta línur í landslagi ráða útmörkum skógarins, eins og milli tegunda innan hans. Í jöðrum verða gróðursetningarnar hafðar gisnar og blandaðar tegundum til að mýkja ásjón skógarins og gera hana náttúrulegri.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að fyrirhuguð skógrækt sé innan svæðis á náttúruminjaskrá þar sem forsenda verndunar sé „*Sérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhnjútra hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi*“. Svæðið sé því á náttúruminjaskrá fyrst og fremst vegna landslagsverndar.

Náttúrufræðistofnun telur að landnýting á borð við skógrækt hljóti að teljast hafa sjónræn áhrif á landslag Ketildala. Þótt fyrirhugað skógræktarsvæði sé vel undir 200 ha að flatarmáli er umfang það mikið að það mun hafa mikil sjónræn áhrif í Hvestudal, sem er einn af mörgum dölum Ketildala. Í ljósi aukinnar áherslu á skógrækt hér á landi mætti færa rök fyrir því að meta þurfi áhrif fyrirhugaðrar nytjaskógræktar í Hvestudal á heildarsvæðið Ketildali; verði einn dalur lagður undir nytjaskógrækt er mögulegt að fleiri dalir sem enn eru í byggð verði færðir undir sömu nýtingu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að skoða heildstætt hvernig áhrif breytt landnýting á borð við nytjaskógrækt/fjölnytjaskógrækt mun hafa á ásjón og landslag Ketildala sem náttúruverndarsvæðis, en í því samhengi þarf framtíðarsýn þeirra sem fara með skógræktarmál jafnt sem skipulagsvald í Vesturbyggð/Ketildölum að vera skýr og í samræmi við lög um náttúruvernd, sbr. markmið laga um skóga og skógrækt. Þetta þýðir í raun að taka þarf afstöðu til þess hvort heimila eigi skógrækt á svæðum sem njóta verndar á einn eða annan hátt.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tilliti til sérkenna landslags á hverjum stað.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði laga um náttúruvernd sem segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgæðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldra ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að lagt verði mikið upp úr því að skógræktin fylgi landslagi eins og mögulegt er. Skógræktaráætlun verði unnin þegar landeigandi hafi gert samning við Skógræktina, og er framkvæmdaleyfi ávallt skilyrði fyrir slíkum samningi. En eins og reynslan sýnir í fjallendum, skógi vöxnum löndum á borð við Vestur-Noreg eða lönd í Alpafjöllum getur skógur síst orðið til þess að skemma landslagsheildir né draga úr sjónrænni upplifun ferðamanna.



## Tegundarval

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að tegundasamsetning verður fjölbreytt enda aðstæður fjölbreytilegar. Í rýrasta landið, mela og mosa verður aðallega gróðursett lerkí og stafafura. Í frjósömustu svæðin verður gróðursett ösp og greni. Meðfram ánni er áætlað að gróðursetja gísín laufskóg/lundi með blöndu af trjám og runnum, birki og víði. Þannig er ætlunin að myndist gróskumikið og hávaxið gróðurbelti.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að nokkuð óljóst er hvaða tegundir, aspar, grenis, furu, víðis eða lerkis verða notaðar í nytjaskógræktinni. Barrskógar eru vistkerfi sem ekki er náttúrulegt hér á landi en þeim fylgir sérstök jarðvegsgerð. Sýrur úr barnálum lækka sýrustig jarðvegs og dregur úr hæfni hans til að miðla næringarefnum. Í honum getur myndast útskolunarlag þar sem næringarefni hverfa úr jarðvegi. Hér á landi draga eiginleikar eldfjallajarðar að einhverju leyti úr þessum áhrifum en þó finnast vísbendingar um þessa þróun. Vestfirðir eru það svæði þar sem áhrifa eldvirkni gætir hvað minnst og möguleiki því fyrir hendi að barrskógur hafi neikvæð áhrif á næringarefnabúskap jarðvegs.

Náttúrufræðistofnun bendir á að ekki er gerð grein fyrir þeim tegundum sem plantað verður í nytjaskóginum. Þá þyrfti að meta hættu á því að framandi tegundir dreifi sér út frá skógræktarsvæðinu. Í því samhengi þyrfti að gera vel grein fyrir gróðurfari og tegundum í nágrenni fyrirhugaðrar skógræktar, einkum niður með Hvestuá.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gróðursettar verði innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir eða loðvíðir. Stofnunin bendir á markmið laga um skóga og skógrækt er m.a. að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Stofnunin telur einnig mikilvægt að plantað sé fjölbreyttum trjátegundum, en með gróðursetningu á fjölbreyttum trjátegundum mun líffræðilegur fjölbreytileiki aukast og við það eykst seigla skógarins gagnvart sjúkdómum og sníkjudýrum.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að landeigandi mun gróðursetja innlendar trjátegundir í bland við aðrar tegundir sem líklegri eru til þess að framleiða nytjavið og tegundir sem líklegar eru til þess að binda margfalt meira kolefni á flatarmálseiningu en innlendu tegundirnar ilmbjörk, reyniviður, gulvíðir og loðvíðir. Loðvíðirinn er þegar farin að dreifa sér og ekki er talin þörf á að aðstoða við útbreiðslu hans annað en að friða landið fyrir beit. Endanleg skógræktaráætlun verði ekki unnin fyrr en landeigandi hefur gert samning við Skógræktina. Skógræktin og skógarbændur á sunnanverðum Vestfjörðum hafa helst verið að gróðursetja alaskaösp (*Populus balsamifera ssp. trichocarpa*), stafafuru (*Pinus contorta*), sitkagreni (*Picea sitchensis*), sitkabastarð (*Picea lutzii*), rauðgreni (*Picea abies*), rússalerki (*Larix sukaczewii*), alaskavíði (*Salix alaxensis*), jörfavíði (*S. hookeriana*) og gulvíði (*S. phylicifolia*).

## Gróður

Ekki er búið að gera samning um skógræktarsvæðið og er grunnkortlagningu ekki lokið af hálfu Skógræktarinnar. Við grunnkortlagningu verður gengið um svæðið og það kortlagt með tilliti til gróðurfars og þá fyrst fæst nákvæmt yfirlit yfir gróðurfars svæðisins. Til viðmiðunar er notast við gróðurfarskönnun sem unnin var af Náttúrustofu Vestfjarða 2007 vegna fyrri áætlana um olíuhreinsistöð í Hvestu. Þar kemur fram að „Fyrir ofan fjöruna að vestanverðu tekur við gulstör, hrossanál og túnvingull. Næst fjallshlíðinni var língresi, elfting, bugðupuntur og klófífa áberandi. Við votlendið og tjarnirnar í miðjum dalnum voru starir ríkjandi, aðallega gulstör og mýrastör. Einnig fannst þarna strandsauðlaukur í nokkru mæli. Strandsauðlaukurinn er fremur sjaldgæf tegund en hefur fundist á 4 stöðum [nú 6 staðir] á Vestfjörðum.“



## Bakkagróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á árbökkunum sé um að ræða gróðurlendi með gömlum túnum og því ekki náttúruleg gróðurlendi.

Náttúrufræðistofnun bendir á að vissulega er sáð grastegundum við túnrækt en með tímanum verður slíkt graslendi oft mjög fjölbreytt þegar sáðgrösin ganga til baka og staðargróðurinn blandast túngrösunum, sérstaklega ef túnum er ekki viðhaldið.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. ákvæðum 62. gr. laga um náttúruvernd segir m.a. að við framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

## Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað skógræktarsvæði liggja neðst í um 250 m frá fjöru og mun ekki hafa áhrif á skeljasandsfjöruna og því auðuga fuglalífi sem þar er.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé gerð nægjanleg grein fyrir áhrifum fyrirbyggjandi skógræktar á fuglalíf og hvort sé um að ræða svæði sem getur talist búsvæði fyrir fugla sem eru ábyrgðartegundir og telur því stofnunin áhrif verkefnisins á fuglalíf vera óljós.

Náttúrufræðistofnun bendir á að skógrækt í Hvestudal mun hafa í för með sér breytingar á búsvæðum plantna jafnt sem fugla.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að almennt þykir líklegt að skógrækt gangi á búsvæði mófugla en að tegundafjölbreytni fugla almennt aukist með skógrækt. Skiptir þá engu máli hvort til verði ræktaður barrskógur eða sjálfspröttið birkikjarr. Fyrirhugað er 51,6 ha skógræktarsvæði, innan þess verða 10 ha sem ekki verður gróðursett í. Um er að ræða afar takmarkað svæði sem hafa mun lítil heildaráhrif á fuglalíf á svæðinu, enda munu áfram verða þúsundir hektara af hentugum búsvæðum fyrir mófugla á svæðinu.

## Meningarminjar

Í fornleifaskráningarskýrslu í Hvestu vegna tilvonandi skógræktar segir að á tuttugustu öld hafi verið miklar framkvæmdir í Hvestudal og nær allur dalbotninn frá bæjarstæðinu og niður að sjó hafi verið sléttaður undir tún. Sömuleiðis hafi bæjarstæðinu sjálfu verið rutt til og öll ummerki um eldri byggð á bæjarstæðinu sé horfin. Níu minjastaðir voru skráðir á svæðinu. Af þeim eru aðeins sýnilegar minjar á þremur stöðum, rústir fjárhúss, stekkur og rétt. Ummerki mannvirkja á öðrum skráðum minjastöðum eru horfin. Vettvangsathugun leiddi í ljós að tveir minjastaðir eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en það eru fjárhús og rétt.

Minjastofnun telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um forleifar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði í landi Fremri-Hvestu en bendir á ákvæði 21 og 24 gr. laga um menningarminjar.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd samræmist Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 um skógrækt á landbúnaðarsvæðum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.



## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða skógrækt á fjölmörgum tegundum á um 90.000 plöntum í landi Fremri-Hvestu í 41 ha af 51,6 ha skógræktarsvæði og framkvæmdatími áætlaður 10 ár. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.06 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og nýtingu náttúruauðlinda sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða alþjóðlegra viðmiða. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla skógrækt sem nær yfir um 51 ha svæði. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri tegundasamsetningu. Til stendur að planta m.a. birki, víði, lerki, stafafuru, ösp og greni. Fyrirhugað er að hanna skóginn á þann hátt að hann falli sem best að landslagi. Meðal annars er áformað að hafa jaðra gisna og áhersla lögð á birkilundi og eyður til að milda ásýnd skógarins.

Undirlendi Hvestudals er að miklu leyti framræstar mýrar og ræktað land en lítið er um óraskað land. Hvestuá rennur um dalinn og frá bæjarhúsum rennur áin í farvegi sem hefur verið lagfærður (sett í stökk). Neðarlega í dalnum vestanverðum eru tjarnir og hólmar sem eru manngerðir að hluta til.

Fyrirhuguð skógrækt mun eðlilega fela í sér breytingu á gróðurfari og vistgerðum í landi Fremri-Hvestu. Ekki er ástæða til að telja að núverandi gróðursamfélög á ræktunarsvæðinu séu sérstaklega viðkvæm ef frá eru talin votlendissvæði. Ekki er þó áformað að planta í votlendissvæði. Við undirbúning skógræktaráætlunar verður svæðið kortlagt með nákvæmari hætti og verður, m.a. verður óframræst sem og framræst votlendi kortlagt sérstaklega. Skipulagsstofnun telur að í framkvæmdaleyfi eigi að kveða á um kortlagningu votlendis áður en framkvæmdir hefjast og að ekki verði plantað í votlend svæði.

Með breyttu gróðurfari verður breyting á búsvæðum fugla. Búsvæði fugla sem verpa í graslendi munu tapast en ekki er um að ræða umfangsmikil svæði.

Innan ræktunarsvæðisins er að finna tvær minjar en svæði kringum þær verður afmarkað og þeim ekki raskað. Þar af leiðandi mun verndargildi minja ekki stafa hættu af framkvæmdunum.

Hvestudalur er einn af Ketildölum í Arnarfirði sem eru svæði á náttúruminjaskrá. Svæðinu er lýst svo: „Sérkennilegt og óvenjulegt landslag. Grunnir dalir milli hárra, þverhníþra hamrafjalla, sem ganga fram undir sjó. Fallegar skeljasandsfjörur með auðugu fuglalífi“. Verndarsvæðið tekur til fjölda dala og nær yfir stórt landsvæði og er rúmir 130 km<sup>2</sup> að stærð.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu áhrif framkvæmdarinnar í áhrifum á landslag Hvestudals. Skipulagsstofnun telur þó að áhrif á verndarsvæði Ketildala verði minniháttar. Verndarsvæðið tekur til fjölda dala og nær yfir landsvæði sem er meira en 130 km<sup>2</sup> að stærð. Þá er Hvestudalur umkringdur háum fjöllum og er Skókrækt á láglandi og neðst í hlíðum fjalla ólíkleg til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á verndargildi Ketildala.

Skipulagsstofnun áréttar þó mikilvægi þess að áform framkvæmdaraðila um að fella skóginn að landslagi gangi eftir. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að gæta þurfi þess að ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landslags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað.



Samkvæmt 62. gr. laga um náttúruvernd skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatns. Samkvæmt gögnum málsins hefur bökkum árinna verið raskað með túnrækt ásamt því að átt hefur verið við farveg árinna. Skipulagsstofnun telur samt sem áður að við hönnun svæðisins ætti að leggja áherslu á að hlífa gróðri næst ánni.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að fyrirhugað sé að planta trjategundum sem eiga ekki náttúruleg búsvæði á Íslandi. Ýmsar trjategundir sem notaðar eru í skógrækt hafa nú dreift sér í íslenski náttúru, t.d. stafafura og Alaskavíðir. Stafafura hafi alla burði til að vera ágeng tegund sé miðað við aðstæður hérlendis. Möguleiki sé fyrir hendi að skógræktarsvæðið geti verið uppspretta útbreiðslu framandi tegunda sem gæti haft áhrif á gróðurfar út með dalnum og allt niður í fjöru. Náttúrufræðistofnun bendir jafnframt á að ekki er gert ráð fyrir vöktun á útbreiðslu framandi tegunda né mótvægisáðgerðum þeim tengdar. Skipulagsstofnun telur tilefni til að í framkvæmdaleyfi verði kveðið á um vöktun á útbreiðslu erlendra tegunda og mótvægisáðgerðir vegna þeirra.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að meta þurfi heildstætt áhrif breyttrar landnýtingar, eins og nytjaskógræktar, á ásynnd og landslag Ketildala sem náttúruverndarsvæðis og að þeir aðilar sem fara með skógræktarmál sem og skipulagsvald setji fram skýra sýn varðandi skógrækt í Ketildölum. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun að tilefni sé til að sett sé fram skýr stefna um skógrækt í Ketildölum.

#### **Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skógrækt felur almennt í sér nokkuð fjölþætt umhverfisáhrif. Ásamt áhrifum á landslag verður ýmiskonar breyting á umhverfinu, s.s. á gróðurfari, búsvæðum fugla og annarra dýra, vatnsbúskap og jarðvegi. Með hliðsjón af umfangi og eðli framkvæmdar og staðsetningu hennar er þó ekki líklegt að umfang og styrkur áhrifa verði mikill. Mögulegt er að draga úr áhrifum framkvæmdar á landslag með því að vanda til verka við frekari hönnun skógræktarsvæðisins líkt og framkvæmdaraðili hyggst gera.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. júní 2020.

Reykjavík, 19. maí 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Smári Jónsson